

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 690/2016
um lögræðissvipta menn, lögráðamenn og ráðsmenn.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

1. másl. 1. mgr. orðast svo: Yfirlögráðendur halda skrá um lögræðissvipta menn, lögráðamenn og ráðsmenn sem hluta af málaskrá sinni, sbr. 3. mgr. 82. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Orðin „Þjóðskrá Íslands og“ í 3. mgr. falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- Í stað orðsins „innanríkisráðuneytið“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: dómsmálaráðuneytið.
- Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur aðgang að lögræðissviptingaskránni með þeim hætti sem tilgreindur er í 5. gr. til að tryggja aðgang skipaðra lögráðamanna að gögnum sem pósthólf sviptra einstaklinga í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda inniheldur, sbr. lög nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Yfirlögráðendur.

3. gr.

Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. reglnanna kemur: Yfirlögráðendum.

4. gr.

Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. reglnanna kemur: Yfirlögráðendum.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. mgr. 82. gr., sbr. 6. mgr. 14. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 57. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 19. september 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.